

Sp.

122. Tillaga til þingsályktunar

[98. mál]

um þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason,
Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þyrla verði fyrir hendi, sem geti flutt farþega milli lands og Vestmannaeyja, þegar ekki eru skilyrði til flugs með venjulegum áætlunarvélum.

Greinargerð.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja hafa ávallt verið erfiðleikum bundnar. Síðan flugvöllur var gerður í Vestmannaeyjum, hefur verið flogið reglubundið til Eyja, eftir því sem veðurskilyrði hafa leyft. Eftir að þverbraut kom til nota á flugvellinum, hefur flugdögum fjölgað mikið og flugsamgöngur orðið tíðari og betri en áður. Er nú talið, að flugdagar séu um 280 á ári. Eru þá 85 dagar árlega, sem áætlunarflug leggst alveg niður. Suma daga er aðeins fært litla stund og því ekki unnt að fara nema eina ferða þá daga, þótt 2—3 ferðir séu í áætlun fyrir daginn.

Það er mjög bagalegt, þegar áætlunarflug fellur niður til Vestmannaeyja, vegna misvinda og annarra flugskilyrða. Í Vestmannaeyjum er erfitt að segja fyrir um, hvort flugveður verður seinni hluta dags, þótt öll skilyrði séu góð að morgni. Þess vegna geta farþegar, sem fljúga til Vestmannaeyja, aldrei verið öruggir um að komast á ákveðnum tíma flugleiðis til baka. Stundum fellur flug niður að vetrarlagi marga daga í röð vegna veðurs.

Flm. þessarar till. telja, að til mikilla bóta mætti verða, sérstaklega að vetrarlagi, að flytja flugfarþega með þyrlu yfir sunni milli lands og Vestmannaeyja. Þannig gætu þeir, sem fljúga með þyrlu til eða frá Vestmannaeyjum, verið í sambandi við áætlunarbifreiðar Austurleiðar. Athuga þarf, hvort Landhelgisgæzlan gæti annast þessa þjónustu, án þess að það gangi út yfir aðalstörf hennar. Einnig væri eðlilegt, að málið væri sérstaklega rætt við Flugfélag Íslands h/f, sem annast farþegaflug til og frá Vestmannaeyjum. Það er skoðun flm., að með þeim hætti, sem hér er bent á, megi gera ráðstafanir til þess, að flugsamgöngur til Vestmannaeyja falli mjög sjaldan niður.